



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 21.2 2020  
Tilvísun: 202002-0029

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um starfshóp um útgáfu öruggra opinberra skilríkja, 180. mál.**

Alþýðusamband Íslands styður þau markmið sem í tillögunni felast en telur hins vegar bæði eðlilegt og rétt að heildarsamtök launafólks eigi að starfshópnum.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Magnús M. Norðdahl', is written over a faint circular watermark of the ASÍ logo.

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



13. febrúar 2020

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 180. mál á 150. löggjafarþingi**

*Tillaga til þingsályktunar um starfshóp um útgáfu öruggra opinberra skilríkja*

Hagsmunasamtök heimilanna styðja markmið tillögu þessarar í meginatriðum, en benda um leið á að nú þegar er til ígildi rafrænna skilríkja, Íslykill, sem hefur reynst nokkuð vel til auðkenningar fyrir ýmsar rafrænar þjónustur, bæði opinberar og aðrar. Þar sem notkun Íslykils hefur náð talsverðri og vaxandi útbreiðslu án þess að vera lögbundin, leggja samtökin til að við frekari þróun á þessu sviði verði byggt á þeirri reynslu sem fengist hefur af útfærslu og notkun hans.

Aðeins eitt fyrirtæki í eigu einkaaðila, einkum fjármálafyrirtækja, býður upp á svokölluð rafræn skilríki á grundvelli laga um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001. Við leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána samkvæmt lögum nr. 35/2014 var sett það skilyrði að ákvörðuð leiðrétting yrði staðfest með slíkum skilríkjum. Enn fremur hefur Íslandsbanki hf. krafist notkunar þeirra til að óska eftir leiðréttingu vaxta á húsnæðislánum samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 623/2016. Að mati samtakanna er það með öllu óréttmætt að þvinga neytendur þannig í viðskipti við einkafyrirtæki í einokunarstöðu svo þeir geti sótt réttindi sín á grundvelli laga. Dæmi eru um að neytendum sem ekki vilja una slíku hafi reynst erfitt að sækja lögbundin réttindi sín.

Afstaða Hagsmunasamtaka heimilanna til útgáfu persónuskilríkja, hvort sem þau séu áþreifanleg eða rafræn, er sú að eðli máls samkvæmt sé hún á ábyrgð stjórnvalda og meðal þeirra verkefna sem eigi alls ekki heima hjá einkageiranum. Samkeppni er mikilvægur drifkraftur á frjálsum markaði og getur verið neytendum til hagsbóta við slíkar aðstæður, en verkefni hins opinbera lúta öðrum lögmálum. Skilríki eru ekki neytendavara heldur forsenda þess að hægt sé að nýta borgaraleg réttindi.

Einnig má nefna að 31. maí 2019 birti forsætisráðuneytið tilkynningu um eflingu stafrænnar þjónustu, þar sem m.a. kom fram að stjórnvöld stefni nú að því að ríkið muni taka að sér útgáfu á rafrænum skilríkjum. Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt fylgjandi þeirri stefnu, en hvetja jafnframt til þess að vandað verði sérstaklega til verks svo útfærslan geti öðlast nauðsynlegt traust.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2020

**Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um tillögu til þingsályktunar um starfshóp um útgáfu örugggra opinberra skilríkja. Mál nr. 180. Umsagnarbeiðni nr. 11091.**

Neytendasamtökin styðja þá tillögu að starfshópur verði stofnaður er hefur það verkefni að gera tillögur að útgáfu opinberra skilríkja.

Útgáfa öruggra skilríkja er forsenda þess að hægt er að nota skilríkin í viðskiptum og til sönnunar á deili viðkomandi. Rafræn skilríki geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og þarf því útgáfa skilríkjanna að uppfylla strangar öryggiskröfur. Mikilvægt er að þau skilríki er gefin eru út hér á landi fylgi þeirri hröðu tækniþróun er á sér stað í heiminum. Telja samtökin að með því að fara í heildarendurskoðun á útgáfu rafrænna skilríkja, með það markmið að hið opinbera annist útgáfu þeirra, sé hagur og öryggi handhafa skilríkjanna best borgið.

Virðingarfyllt.

f.h. Neytendasamtakanna

Kolbrún Arna Villadsen - lögfræðingur

Alþingi  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2020  
Tilvísun: 2020021015/BFR


**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um útgáfu öruggra opinberra skilríkja**

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 20. febrúar 2020 um umsögn um tillögu til þingsályktunar um starfshóp um útgáfu öruggra opinberra skilríkja (þskj. 181, 180. mál á 150. löggjafarþingi). Í tillögunni er gert ráð fyrir að stofnaður verði starfshópur sem geri tillögur að útgáfu slíkra skilríkja og áætlun um kostnað við að taka skilríkin í notkun.

Persónuvernd áréttar mikilvægi þess að við vinnu sína líti starfshópurinn sérstaklega til ákvæða laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerðar (ESB) 2016/679 sem lúta að öryggi persónuupplýsinga.

Að öðru leyti gerir Persónuvernd ekki athugasemdir.

F.h. Persónuverndar,



Vigdís Eva Línadal



Bjarni Freyr Rúnarsson

Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2020

Tilvísun ÞÍ: 2020021174/2.0


Tilvísun sendanda: Þingskjal 181 – 180. mál.

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um starfshóp um útgáfu öruggra opinberra skilríkja, 180. mál.

Vísað er til erindis frá Allsherjar- og menntamálanefnd þar sem óskað er umsagnar Þjóðskrár Íslands um tillögu til þingsályktunar um starfshóp um útgáfu öruggra opinberra skilríkja.

Þjóðskrá Íslands er hlynnt því að slíkur starfshópur verði stofnaður með aðkomu stofnunarinnar og styður því framgang málsins.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Björg Finnbogadóttir  
lögfræðingur

Afrit: